

Bárujárn viðgerð

Undirbúningur

Fjarlægja skal alla lausa málningu t.d. með háþrýstum vatnsblæstri. Ef brúnir á málningunni, sem eftir situr, brettast upp þarf að fjarlægja þær með beittum sköfum. Ganga skal úr skugga um að sú málning sem eftir situr hafi góða viðloðun við undirlagið. Allt ryð skal fjarlægja með vírburstum og slípun. Flöturinn skal vera laus við ryk, salt og önnur óhreinindi þegar málun fer fram.

Grunnun á ryði

Blett mála skal ryðguð svæði með JOTAMASTIC 90 WG. 2ja þátta epoxy grunnmálning blönduð skv. rúmmáli 3,5 á móti 1 fyrir notkun. Má mála yfir eftir um 6 klst. við 10°C.

Heilgrunnun

Heilgrunna skal þakið með VINYGUARD 88 hraðþornandi vínýlgrunni sem veitir fyrirtaks viðloðun við eldri málningu og þolir xylene. Mikilvægt er að ná tilætlaðri þurrfilmupykkt til að veita hámarks vörn og fyrirbyggja flögnun. Má yfirmála eftir 2-6 klst.

Málun

Málið 2x umferðir með PIONER TOPCOAT Hraðþornandi akrýlbundin yfirmálning. Mikilvægt er að ná tilætlaðri þurrfilmupykkt til að veita hámarks vörn og fyrirbyggja flögnun. Má yfirmála eftir 2-4 klst.

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund, sé ósamræmi til staðar skal útgáfa framleiðanda ráða. Mælt er með því að lesa tæknigagnablað (TDS) öryggisblaðið (SDS) og notkunarleiðbeiningar (AG) fyrir notkun þessarar vöru af heimasíðu www.jotun.com

Efnisnotkun

JOTAMASTIC 90 WG: um **5 m²/l** sem gefur þurrfilmu upp á **150 µm**.

VINYGUARD 88: **5-6 m²/l** sem gefur þurrfilmu upp á **70 µm**.

PIONER TOPCOAT: **7 m²/l** sem gefur þurrfilmu upp á **2x50 µm**.

Ráðleggingar

Ekki mála þök í sterkri sól eða vindi. Viðloðun getur orðið léleg og þynnir lokast inni í málningarfilmu. Yfirmálunartími eykst við slíkar aðstæður.

Við útreikning á yfirborði bárujárns þarf að bæta við 20-30% vegna aukins flatarmáls báranna.